



SÁTTardagur í Seljaskóla

Bætt samskipti nemenda og stuðningur við jákvæða hegðun

Þórður Kristjánsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SÁTTardagur í Seljaskóla

Bætt samskipti nemenda og stuðningur við jákvæða hegðun

Pórður Kristjánsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Anna Kristín Sigurðardóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

SÁTTardagur í Seljaskóla

Bætt samskipti nemenda og stuðningur við jákvæða hegðun

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaraideild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© Þórður Kristjánsson 2011

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentsmiðja xxx

Reykjavík, Ísland og 2011

Ágrip

Ritgerðin fjallar um innleiðingu PBS agastjórnunarkerfisins í Seljaskóla í Reykjavík og hvernig leitast hefur verið við að gera PBS kerfið að órjúfanlegum hluta af menningu skólans. Einkunnarorð Seljaskóla eru Samvinna – Ábyrgð – Traust – Tillitssemi. Upphafsstafir þessara orða eru SÁTT. Þetta orð, SÁTT og þau gildi sem það stendur fyrir eru kennd markvisst og haldið mjög á lofti í skólanum. Þannig er almennt ekki rætt um PBS, eða að Seljaskóli sé PBS skóli, heldur ríkir þar SÁTT. Aðferðarfræði PBS kerfisins er að öllu leyti í heiðri höfð og farið er nákvæmlega eftir öllum reglum varðandi innleiðingu og framkvæmd.

SÁTTardagurinn er afsprengi PBS kerfisins sem varð til innan skólans. Hugmyndafræði PBS kerfisins byggir meðal annars á samvinnu og sameiginlegri ábyrgð. Á SÁTTardeginum er hefðbundinn skóladagur brotinn upp og allir nemendurnir, óháð aldri vinna sameiginlega að ákveðnum verkefnum þar sem áhersla er lögð á gildi SÁTTarinnar. Þessi dagur er orðinn hluti af skólastarfi Seljaskóla og mikilvægur liður í þeirri viðleitni starfsfólks Seljaskóla að móta allt starf skólans af Samvinnu, Ábyrgð, Trausti og Tillitssemi.

Efnisyfirlit

Ágrip	4
Inngangur.....	6
Um Seljaskóla	8
PBS – fræðilegur bakgrunnur	8
Innleiðing á PBS- stuðningi við jákvæða hegðun.....	10
SÁTT – aðdragandi.....	12
SÁTTardagurinn.....	13
Mat á SÁTTardeginum	15
Samantekt.....	17
Heimildir.....	18
Viðauki A	20
Viðauki B	21
Viðauki C	23
Viðauki D.....	24

Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um SÁTTardag í Seljaskóla, þar sem hefðbundinn skóladagur er brotinn upp og allir nemendur skólans vinna saman að verkefnum í anda einkunnarorða skólans, Samvinna – Ábyrgð – Traust – Tillitssemi (SÁTT). Farið verður yfir hvað átt er við með SÁTT í Seljaskóla og gerð grein fyrir þeirri hugmyndafræði sem dagurinn byggir á sem er agastjórnumarkerfið PBS (e. Positive Behavior Support). Gerð verður nokkur grein fyrir PBS kerfinu, uppruna þess og fræðilegum bakgrunni. Þá verður SÁTTardeginum lýst hvernig hann er skipulagður og framkvæmdur og hvaða áhrif höfundur telur hann hafa á skólastarfið.

SÁTTardagurinn hefur verið haldinn árlega í Seljaskóla undanfarin 4 ár, en á sér þó nokkuð lengri aðdraganda. SÁTT í Seljaskóla og SÁTTardagurinn er nokkuð sem varð til í Seljaskóla í framhaldi af innleiðingu PBS kerfisins í skólanum. SÁTTin er því nokkurs konar afurð eða hliðarverkefni við PBS. Agastjórnumarkerfið PBS var þróað við háskólann í Oregon í USA af landssamtökum um inngríp í hegðun og stuðning (www.pbis.org). Kerfið hefur undanfarin ár hlotið talsverða útbreiðslu í Bandaríkjunum og utan þeirra.

Í innleiðingu kerfisins er lögð áhersla á að skólinn geri kerfið að sínu, þ.e. að þær aðferðir sem notaðar eru í PBS verði hluti af menningu skólans, hverfi inn í skólann. Þess vegna varð SÁTTin til og þess vegna er SÁTTin svo mikilvæg við að viðhalda PBS aðferðunum inni í skólanum. Nemendur Seljaskóla vita sennilega fæstir hvað PBS er, en þeir vita vel hvað SÁTT merkir.

Vandamál sem tengjast agamálum hafa löngum lagst þungt á kennara og annað starfsfólk grunnskóla. Samkvæmt rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur árin 2005-2006 er hegðunarvandamál eitt alvarlegast vandamál innan grunnskólans. (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Viðbrögð við hegðunarvanda hafa tekið miklum breytingum undanfarna tvo áratugi. Almennt má segja að skólar hafi í auknum mæli látið af tilviljunarkenndum og einstaklingsbundnum viðbrögðum við agabrotum, sem oft fólust í refsingum. Þess í stað hafa verið teknar upp kerfisbundnar aðferðir sem byggja á rannsóknum og heildstæðum vinnubrögðum. Rannsóknir hafa enda sýnt fram á að refsingar við agabrotum bera ekki árangur til lengri tíma litið (Sprague, J., Walker, H., Golly, A., White, K., Myers, D. R og Shannon, T., 2001; Crone og Horner, 2003).

Með heildstæðum vinnubrögðum er átt við að allt skólasamfélagið komi með einum eða öðrum hætti að skipulagningu og framkvæmd þess verklags sem ákveðið er að taka upp í skólanum.

Í stefnumótun fræðslufirvalda hefur verið lögð áhersla á að skólar séu færir um að sinna öllum nemendum. Þannig segir í Stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu: „Meginleiðarljós þessarar stefnu er skóli án aðgreiningar, þ.e. skóli með þjónustu fyrir alla nemendur sína bæði fatlaða og ófatlaða“ (bls. 6). Í sömu stefnu er lögð áhersla á að: „Hver skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, svo sem kostur er, og taka á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp kunna að koma í skólanum.“ (Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu 2002, bls. 6).. Ekki er gert ráð fyrir að starfsrækt sé sérúrræði fyrir nemendur nema í fyrir um 1% nemenda og því verður hver skóli að hafa innan sinna vébanda „verkfæri“ til að taka á og leysa þau margvíslegu mál sem upp koma í því fjölbreytilega samfélagi sem skólinn er. Lausnir skólanna við hegðunarfæðni nemenda eru fyrst og fremst fólgnar í að afla sér þekkingar og fræðslu um þær leiðir sem farnar hafa verið annars staðar og aðlaga að sínum þörfum.

Höfundur er skólastjóri Seljaskóla og tók sem slíkur þátt í innleiðingu PBS kerfisins í skólann. Hann hefur einnig frá upphafi setið í PBS stýriteyminu, seinna SÁTTarteyminu. Teymið starfar á ábyrgð skólastjóra, en stjórn þess er í höndum tveggja teymisstjóra.

Í *inngangi* ritgerðinnar er fjallað um aðdraganda þess að PBS kerfið var tekið upp í Seljaskóla og tengingu SÁTTarinnar við PBS. Í kaflanum *Um Seljaskóla* er stutt kynning á skólanum. Í kaflanum *PBS – fræðilegur bakgrunnur* er farið yfir fræðilegan bakgrunn PBS kerfisins og vísað í rannsóknir sem gerðar hafa verið á því. Í kaflanum innleiðing á PBS- stuðningi við jákvæða hegðun er greint frá því hvernig staðið var að innleiðingu PBS kerfisins í Seljaskóla. Í kaflanum *SÁTT – aðdragandi* er fjallað um hvernig SÁTTin varð til í Seljaskóla. Kaflinn *SÁTTardagurinn* fjallar um SÁTTardaginn, hvernig hann er uppbyggður. Kaflinn *Mat á SÁTTardeginum* skoðaniir starfsfólks og nemenda á deginum. Í kaflanum *Samantekt* er stutt hugleiðing höfundar um gildi SÁTTardagsins fyrir skólastarf í Seljaskóla.

Um Seljaskóla

Seljaskóli hóf starfsemi 1979. Skólinn er þriggja hliðstæðna grunnskóli sem staðsettur er í Seljahverfi í Reykjavík. Nemendafjöldi skólaárið 2010-2011 er 600 sem er svipaður fjöldi og hefur verið síðastliðin ár en fjölmennastur var hann árið 1987 þegar 1435 nemendur voru skráðir í skólann. Kennsla í 1.-3. bekk fer fram í opnum rýmum, eitt rými fyrir hvern árgang og er árgangurinn ein bekkjardeild. Í 4. - 10. bekk er hverjum árgangi kennt í þremur bekkjardeildum. Umsjónarkennarar hvers árgangs bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Skólastjórnendur eru fjórir, fastráðnir kennarar 47 og annað starfsfólk tæplega 30. Í stjórnunarteymi skólans sitja ásamt skólastjóra tveir aðstoðarskólastjórar annar ber daglega ábyrgð á starfi í 1.- 6. bekk, hinn í 7.- 10. bekk og eru þeir næstu yfirmenn kennara. Auk þess situr í teyminu deildarstjóri sérkennslu sem ber ábyrgð á og skipuleggur framkvæmd sérkennslunnar í skólanum í samráði við aðra sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.

Námsráðgjafi er starfandi við skólann í fullu starfi. Meðal verkefna námsráðgjafa er að veita nemendum fræðslu um nám, störf og leiðbeina um vinnubrögð í námi. Námsráðgjafi veitir persónulega ráðgjöf og sinnir fyrirbyggjandi starfi gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi. Hann er í nánú samstarfi við foreldra og sérfræðinga innan og utan skólans. Hjúkrunarfræðingur skólans annast viðtæka ráðgjöf til nemenda s.s. ráðgjöf um mataræði og hreyfingu, persónulega ráðgjöf varðandi getnaðarvarnir og kynsjúkdóma sem og stuðning til nemenda varðandi einstaklingsbundin málefni.

PBS – fræðilegur bakgrunnur

PBS – stuðningur við jákvæða hegðun er kerfi sem hefur það að markmiðið að bæta lífsgæði nemenda og draga úr óæslíklegri hegðun þeirra (Sugai, G., Horner, R. H., Dunlap, G., Hieneman, M., Lewis, T. J., Nelson, C. M. o.fl. 2000). Innan skólanna er stuðningi við jákvæða hegðun beitt til að búa til umhverfi sem bætir lífsstíl barna og ungmenna með því að draga úr skilvirkni og árangri óæskilegrar hegðunar og gera æskilega hegðun árangursríkari (Sugai, o.fl., 2000).

Stuðningur við jákvæða hegðun, PBS var upphaflega hugsað sem tæki til að taka á alvarlegum

hegðunarvanda fólks með mikla fötlun en hefur einnig reynst vel sem hegðunarstjórnunarkerfi í

skólum þar sem unnið er með aukna andfélagslega hegðun barna og unglunga (McCurdy, B. L., Manella, M. C. og Eldridge, N. 2003). Í dag er aðalmarkmið stuðnings við jákvæða hegðun að stuðla að bættum lífsstíl og betri lífsgæðum með það að öðru markmiði að draga úr óæskilegri hegðun (Carr, o.fl., 2002).

PBS kerfið var fyrst notað í grunnskólum, með það að markmiði að nota það með börnum í sérkennslu um 1980. Því var þá aðallega ætlað að taka á og draga úr tíðni alvarlegra hegðunarfrávika, síðar var farið að nota kerfið fyrir alla nemendur (Horner o.fl., 1990, sjá í Clarke, Worcester, Dunlap, Murray og Bradley-Klug, 2002). Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að kefið nýtist vel til að koma í veg fyrir stigvaxandi andfélagslega hegðun nemenda. (McCurdy, Menella og Elridge, 2003). Innleiðing kefisins er samstarfsverkefni alls starfsfólks og nemenda viðkomandi skóla.

Kenningarlegur bakgrunnur PBS er fyrst og fremst sóttur í atferlisgreiningu og hagnýta atferlisgreiningu. Samkvæmt kenningum atferlisgreiningar mótast hegðun af umhverfi og reynslu einstaklingsins og þessir þættir, auk áhrifa frá öðru fólki hefur bein áhrif á hegðun einstaklinganna (Woollard, 2010). Kenningar atferlisgreiningar gera ráð fyrir að æskileg og óæskileg hegðun barna sé lærð og að oft sé óæskilegri hegðun viðhaldið með of mikilli athygli. Að barnið „græði“ á óæskilegri hegðun. En einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að kenna æskilega hegðun. Aðferðir PBS kerfisins leggja ekki einungis áherslu á að ná stjórn á hegðunarvanda, að kenna æskilega hegðun, heldur er einnig lögð áhersla á að auka lífsgæði og námsmöguleika barnanna. Þá tekur kerfið tillit til félagslegra gilda hvað varðar æskilega útkomu eftir inngríp, sem og þeirra aðferða sem notaðar eru við hegðunarmótunina. Mikilvægur þáttur PBS kerfisins er, að lögð er áhersla á heilstæða nálgun. Þannig nær kerfið yfir allan skólann, nemendur og starfsfólk og foreldra. Stærsta vandamálið við það að viðhalda stuðningi við jákvæða hegðun er ónægur stuðningur starfsfólks við þær breytingar sem þarf að gera í skólum þar sem hann er innleiddur og lítil þátttaka hluta starfsfólksins í innleiðingunni (Metzler, o.fl., 2001).

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis á árangri stuðnings við jákvæða hegðun. Þessar rannsóknir sýna yfirleitt jákvæðan árangur af innleiðingu PBS kerfisins. Í rannsókn sem fram fór í Lincoln Middle School í Bandaríkjunum kom í ljós að eftir innleiðingu stuðnings við jákvæða hegðun að tóku kennarar frekar eftir æskilegri hegðun og að hún var verðlaunuð og lofuð. Einnig þurfti sjaldnar að beita refsingum vegna hegðunar nemenda eftir

að inngríp hófst (Metzler, o.fl., 2001). Kincaid, Knoster, Harrower, Shannon og Bustamante (2002) söfnuðu gögnum um árangur stuðnings við jákvæða hegðun og náði könnun þeirra til 78 teyma sem vinna með stuðning við jákvæða hegðun (374 aðilar innan teymanna svöruðu könnuninni). Niðurstöður þeirra voru að áttatíu og tvö prósent svarenda sögðu dregið hafa úr vandamálahegðun síðan stuðningur við jákvæða hegðun var innleiddur, 78% sögðu að vandamálahegðunin væri ekki eins alvarleg eftir innleiðslu stuðnings við jákvæða hegðun og 76% sögðu að hegðunin varði í styttri tíma. Í rannsókn Luiselli, Putnam og Sunderland (2002), sem spannaði fjögur ár, skoðuðu þeir árangur af innleiðingu stuðnings við jákvæða hegðun í skóla í Massachusetts fylki Bandaríkjanna. Þeir komust að því að óæskileg hegðun minnkaði, meira var um jákvæða styrkingu og mæting nemenda batnaði í skólanum á meðan rannsókn stóð.

Ein af nýjustu rannsóknunum sem sýna fram á áhrif fyrsta stigs forvarna PBS var langtímarannsókn gerða á fimm ára tímabili í 37 skólum (elementary schools) í Bandaríkjunum. PBS var innleitt í 21 af þessum skólum og fengu þeir ítarlega þjálfun í aðferðum PBS og handleiðslu. Í rannsókninni voru áhrif þjálfunar starfsfólks metin, breyting á agabrotum var metin sem og námsframmistaða nemenda. Niðurstöður gáfu til kynna að þeir skólar sem höfðu innleitt PBS komu betur út á öllum breytum. (Bradshaw, Mitchell og Leaf, 2010)

Niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar sýna að jákvæð samskipti kennara og nemenda þriggja grunnskóla í Reykjanesbæ jókust til muna eftir að PBS kerfið var tekið þar upp. Einnig dró úr óæskilegri hegðun nemenda. Rannsókn þessi stóð í fjögur ár og var framkvæmd með beinum áhorfsmælingum fyrir og eftir að innleiðing PBS kerfisins hófst (Kolbrún Ingibjörg Jónsdóttir, 2011).

Innleiðing á PBS- stuðningi við jákvæða hegðun

Árið 2005 var tekin sú ákvörðun í Seljaskóla að hefja innleiðingu agastjórnunarkefisins PBS (e. Positive Behavior Support), stuðningur við jákvæða hegðun. Kerfið hefur verið árangursprófað erlendis og með kerfisbundum hætti hvetur það til jákvæðrar hegðunar, eykur félagsfærni og dregur úr hegðunarvanda barna eins og rakið er hér á undan. Innleiðingu er

skipt upp eftir verkefnum sem þarf að sinna á hverju ári, undirbúningsár, fjögur framkvæmdarár og viðhald verkefnisins.

PBS er heilstætt vinnulag sem hefur það að markmiði að hvetja til jákvæðrar hegðunar með jákvæðum inn gripum og aðferðum til þess að ná fram mikilvægum félagslegum breytingum á hegðun (Sprague og Golly, 2008). Gengið er út frá því að allir starfsmenn skólans komi að innleiðingu þess og styðji nemendur á jákvæðan hátt. Innleiðing kerfisins var gerð undir handleiðslu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og var Hrund Þrándardóttir handleiðari skólans fyrstu árin. Sett var upp stýriteymi sem samanstendur af stjórnendum, fulltrúum kennara og annars starfsfólks. Stýriteymið stjórnaði innleiðingunni sem stóð í þrjú ár. Fyrsta árið fór í að semja reglur sem nemendur áttu að fara eftir. (Sjá viðauka B) Þessar reglur voru settar upp í jákvæðum anda og byggja allar á grunnþáttum manlegra samskipta, tillitssemi og gagnkvæmri virðingu fyrir fólki og umhverfinu. Einnig var sett upp ákveðið vinnuferli fyrir starfsfólk. (Sjá viðauka C) Einn grunnþáttur PBS kerfisins er að kenna nemendum ásættanlega hegðun og veita þeim hjálfun í henni, rétt eins og í öðrum námsþáttum skólastarfsins. Það er með öðrum orðum. ekki gert ráð fyrir að nemendur komi fullmótaðir hegðunarlega séð inn í skólann.

Á öðru ári í innleiðingarferlinu voru reglurnar kenndar markvisst og æfðar. Allir starfsmenn hafa síðan unnið saman í að minna nemendur á reglurnar og hrósa fyrir góða hegðun. Stýriteymið setti þau viðmið fyrir starfsmenn að veita fimm jákvæðar athugasemdir á móti einni neikvæðri.

Hugmyndafræði PBS kerfisins byggir á jákvæðri styrkingu og hefur skólinn komið sér upp gullmolakerfi í þeim tilgangi. Gullmoli er hringur, gulllitaður úr pappa, ca. 4,5 cm. í þvermál. Á hringinn er prentað merki skólans og einkunnarorð. Hver starfsmaður hefur alltaf á sér nokkra gullmola sem hann afhendir nemendum þegar honum þykir ástæða til. Nemendur safna svo gullmolunum saman fyrir sinn bekk. Þegar bekkurinn, eða námshópurinn hefur komið sér upp ákveðnum fjölda gullmola umbunar kennarinn honum fyrir. Umbun þessi getur verið af ýmsum toga en ekki er gert ráð fyrir kostnaði fyrir skólann nema í undantekningartilvikum. Þó megináherslan sé lögð á jákvætt viðmót, þá gilda ákveðnar reglur um agabrot. Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum eða reglum er rætt við hann og hegðun hans leiðrétt. Láti nemandinn af hegðuninni fær hann hrós en láti hann sér ekki segjast er unnið eftir ákveðnum agaferli sem öllum er ljós bæði nemendum og starfsfólki.

Frávíkshögðun er skráð í Mentorkerfið og hægt er að fylgjast með fjölda skráninga til nánari mats og úrvinnslu.

Starfsmenn veita þeim nemendum umbun sem sýna það í verki að þeir fylgi PBS reglum og viðmiðið er að hver starfsmaður gefi 8-10 gullmola á dag. Stýriteymið er duglegt að minna fólk á gullmolagjöf og leiðréttu hegðun nemenda í stað þess að vera með neikvæðar athugasemdir. Það að leggja áherslu á jákvæða hegðun og taka á neikvæðri hegðun á leiðbeinandi hátt í stað þess að refsa virðist vera tiltölulega eðlileg lífsspeki, en getur þó verið ótrúlega erfið í framkvæmd. Gullmolarnir eru umbun fyrir jákvæða hegðun og það er mjög mikilvægt að þessi umbun sé veitt fyrir jákvæða hegðun hér og nú. Þannig getur nemandi sem hefur sýnt af sér neikvæða hegðun t.d. að morgni og fengið viðeigandi viðbrögð við henni, sýnt af sér jákvæða hegðun seinna sama dag og unnið sér þannig inn gullmola. Þetta atriði átti sumt starfsfólk skólans erfitt með að samþykkja. Þá var það einnig freistandi að nota gullmolana sem „beitu“ fyrir nemendum. „Ef þið hagið ykkur vel í þessum tíma fáid þið fullt af gullmolum“. Þetta er hins vegar alls ekki tilgangurinn með því að gefa gullmola. Að sama skapi hefur það verið nokkrum vandkvæðum bundið að fá fólk til að skrá samviskusamlega hegðunarbrot. Skráning hegðunarbrot er nauðsynleg. Bæði til að geta tekið á hegðunarbrotunum í samræmi við agaferilinn og einnig gefa skráningarnar mikilvægar upplýsingar þegar verið er að meta árangur og taka ákvarðanir um breytingar.

SÁTT - aðdragandi

Hluti af innleiðingarferli PBS kerfisins var að skólinn átti að taka upp einkunnarorð. Leitað var eftir tillögum frá starfsfólki og nemendum. Fjölmargar tillögur bárust og afraksturinn varð *Samvinna – Ábyrgð – Traust – Tillitssemi*. Upphafsstafir þessara orða mynda svo orðið SÁTT. Fljótlega var tekin sú ákvörðun að orðið SÁTT skyldi vera áberandi í skólanum og það gert að einkennisorð fyrir þau gildi sem skólinn leggur áherslu á.

Seljaskóli var meðal fyrstu skólanna í Reykjavík sem tóku upp Olweusarkerfið gegn einelti. (Vefrit menntamálaráðuneytisins, 12:2003). Olweusarkerfið er áætlun er miðar að því að endurbæta félagslegt umhverfi í skólanum og að skapa skólaumhverfi sem einkennist af:

- Hljúju, einlægum áhuga og alúð hinna fullorðnu
- Ákveðnum römmum gegn óviðunandi hegðun

- Neikvæðum viðurlögum (hvorki niðurlægjandi né líkamleg) liggja við brotum á reglum
- Hinir fullorðnu í skóla og á heimili koma fram af myndugleik sem yfirboðarar (Olweus, 2005:12).

Eftir að innleiðing PBS kerfisins hófst varð fljótlega ljóst að erfitt gæti reynst að halda úti þessu tvennu samhliða, Olweus og PBS. Bæði byggja þessi kerfi á markvissri og stöðugri þátttöku alls starfsfólks skólans. Bæði kerfin leggja áherslu á vellíðan nemenda og PBS kerfið tekur einnig sérstaklega á eineltismálum. (Ross, o.fl.) Sú ákvörðun var því tekin að skólinn hætti formlegri þátttöku í Olweusarkerfinu, en notaði samt sem áður ýmsar aðferðir Olweusar gegn einelti og samræmdu þær PBS kerfinu.

Í framhaldi af þessari ákvörðun var hætt að tala um PBS eða Olweus, enda erlend og ógegnsæ orð. Þess í stað er talað um SÁTTarkerfi. Skólareglur Seljaskóla er þannig nefndar SÁTTmáli og PBS stýriteymið heitir nú SÁTTarteymi. Gert var sérstakt SÁTTar merki sem byggir á merki Seljaskóla og þegar inn er komið í aðalinngang skólans blasa einkennisorðin við. SÁTTarteymið hittist reglulega. Hlutverk þess er að halda hugmyndafræðinni stöðugt á lofti meðal nemenda og starfsfólks. Um það bil einu sinni í mánuði eru fundir með öllu starfsfólki þar sem teymið fer yfir það sem vel hefur tekist og það sem betur má fara. Það að byggja upp ímynd byggða á ákveðnum gildum er stöðug vinna. Þess vegna þarf SÁTTarteymið og allt starfsfólk að vera stöðugt vakandi og leitast ávallt við að finna nýjar leiðir sem vekja áhuga. Í vetur var unnið markvisst með hvert hinna fjögurra einkunnarorða skólans. Á starfsmannafundi var ákveðið að byrja með orðið samvinna. Starfsfólkinu var skipt í hópa og hver hópur skilaði til SÁTTarteymisins sínum hugmyndum um hvernig hægt væri að vinna með samvinnu meðal nemenda. Því næst voru tveir næstu mánuðir helgaðir samvinnu á margvíslegan máta. Þannig hefur verið unnið með öll einkunnarorðin.

SÁTTardagurinn

Hugmyndin að SÁTTardeginum kviknaði í SÁTTarteyminu á hugarflugsfundi, þar sem fjallað var um með hvaða hætti hægt væri að vinna einkunnarorðunum sess í menningu skólans. Sáttardagurinn var haldinn í fyrsta skipti skólaárið 2008-2009. Hann er einu sinni á ári og hefur verið undanfarin tvö ár í byrjun október.

Seljaskóli er heildstæður skóli, þ.e. nemendur eru á aldrinum 6 – 16 ára, eins og áður hefur komið fram. Eins og í mörgum heildstæðum skólum eru nokkur skil milli barnadeildar og unglíngadeildar. Þessi skil hafa dofnað undanfarin ár, en eru þó enn til staðar. Ástæðurnar eru ýmis konar. Kennsluhættir eru ekki þeir sömu í unglíngadeild og í barnadeild og viðhorf kennaranna ekki að öllu leyti eins gagnvart námi barnanna. Unglíngarnir halda sig nokkuð sér, hafa ekki mikil samskipti við nemendur barnadeildarinnar. Þessar staðreyndir urðu m.a. til þess að SÁTTarteymið lagði til að einn skóladagur yrði brotinn upp og nemendum „blandað“ saman aldurslega. Hugmyndin var að nemendur skyldu vinna sameiginlega að ákveðnum verkefnum, eða leikjum í hópum þar sem þátttakendur væru á aldrinum 6 – 16 ára. Verkefnin yrðu að vera þess eðlis að nemendur þyrftu að vinna sameiginlega að lausn þeirra. Skólanum var skipt upp í sex svæði. Hvert svæði bar heiti einnar heimsálfu. Þessi nafnagift á svæðunum átti að skírskota til mismunandi hópa fólks er byggja jörðina og nauðsyn þess að allir vinni saman sáttir. Nemendum og starfsfólki var skipt upp í þrjátíu hópa, í hverjum hópi voru tuttugu nemendur á ólíkum aldri. Hverri vinnustöð (heimsálfu) var skipt upp í fimm starfsstöðvar. Hópunum var síðan raðað á svæðin og hver hópur skipti svo um starfsstöð á 30 mínútna fresti og fór þannig á milli fimm stöðva í fyrirfram ákveðinni röð. Vinna í hverri stöð tók 30 mínútur. Auk þess að blanda nemendum saman var starfsfólkinu einnig blandað. Á hverri vinnustöð var hópur starfsfólks til leiðbeiningar og aðstoðar. Reynt var að gæta þess að velja saman fólk sem að öllu jafnan vann ekki saman dags daglega.

Verkefnum innan starfsstöðvanna voru í raun engin takmörk sett. Vinsælir leikir frá skátunum og úr lífsleikninámi (Lions Quest) voru mikið notaðir. Sameiginleg myndlistarverkefni voru búin til, þar sem hver hópur gerði sinn hluta og endanleg útkoma var eitt stórt fullbúið verk. Einnig voru unnin smærri myndlistarverk, þar sem einkunnarorðin voru t.d. tekin fyrir. Vinabönd voru fléttuð og farið var í ýmsa hreyfileiki og dansa. Sérhönnuð bingó með einkunnarorðunum voru búin til. Útibakstur var á einhverjum stöðvum og útileikir. Unnið var með tónlist, ýmsa skapandi vinnu og gerðar tilraunir. Eins og áður segir var sú meginhugsun höfð að leiðarljósi við samsetningu verkefnanna að þau krefðust samvinnu og/eða þátttöku allra hópmeðlima.

Mat á SÁTTardeginum

Að SÁTTardeginnum loknum var sent út matsblað til starfsfólks (sjá viðauka A). Spurt var um í hvaða hópi (heimsálfu) starfsmaðurinn hefði verið í og hvaða verkefni var unnið með. Þá var einnig spurt um hvað viðkomandi þætti skemmtilegast, eða gagnlegt við daginn og hvað hefði betur mátt fara. Það kom starfsfólkinu ánægjulega á óvart eftir fyrsta SÁTTardaginn hve allt gekk vel fyrir sig og að þetta, að því er virtist flókna skipulag skyldi ganga upp. Þemadagar af ýmsu tagi hafa verið skipulagðir í Seljaskóla í gegn um árin og það að brjóta upp hefðbundinn skóladag er ekki nýtt á nálinni. Það sem var óvenjulegt við SÁTTardaginn var að öllum nemendum skólans var „blandað“ kerfisbundið saman. Það atriði var reyndar lykilatriðið með deginum, að fá samvinnu, ábyrgð, traust og tillitssemi til að ríkja algerlega þennan dag þvert á árganga. Það var ánægjulegt að sjá hve eldri nemendurnir voru fljótir að átta sig á hlutverki hins eldri og reyndari. Yngri nemendurnir rötuðu ekki algerlega um skólann og urðu því að reiða sig á þá eldri þegar farið var á milli stöðva. Það var því ekki óalgeng sjón að sjá litla hönd smeygja sér í stóra lúku sem að öllu jöfnu leiddi ekki smábarn um skólann, en á þessum degi var það eðlilegasti hlutur í heimi!

Starfsfólkinu var einnig „blandað“ saman. Í skipulagningunni var þess gætt að þeir sem venjulega höfðu samskipti og samvinnu sín á milli lentu ekki saman í hópum. Hlutverk fullorðna fólksins var að leiðbeina og stjórna. Í samtölum við starfsfólk að loknum fyrsta SÁTTardeginnum kom í ljós að þessi blöndun hugnaðist ekki öllum. Hér kom vanafesta fullorðna fólksins í ljós. Seljaskóli er stór vinnustaðir og fólk er vant að vinna „á sínum stað“ jafnvel svo árum skiptir og var ekki endilega til í að breyta því í einn dag. Þessu fyrirkomulagi var þó ekki breytt og nú andmælir fólk þessu ekki lengur.

Það hefur komið greinilega fram þegar SÁTTardagurinn er metinn að starfsfólk er ákaflega ánægt með hann. Starfsfólkinu finnst dagurinn ná tilgangi sínum og telur sig sjá árangur af honum. Ýmsum minniháttar atriðum hefur verið breytt frá því að SÁTTardagurinn var fyrst haldinn, en í megin atriðum er hann eins og eins upp byggður og í upphafi fyrir fjórum árum. Athugasemdum starfsfólks að SÁTTardegi afloknum er haldið saman og minnisblað útbúið með því sem betur má fara næsta ár. (sjá viðauka D).

Ekki hefur enn verið unnið formlegt mat á verkefninu meðal nemenda eða foreldra. Nemendur hafa þó verið spurðir munnlega nokkuð reglulega af kennurum að SÁTTardegi

loknum. Þeir nemendur sem spurðir hafa verið virðast sammála um að dagurinn hafi verið skemmtilegur og vilja hafa SÁTTardag aftur. Það sem nemendum finnst skemmtilegt við daginn, fyrir utan það að fá öðru vísi skóladag, er hvað þeir kynnast mörgum krökkum á ólíkum aldri. Einnig virðist þeim þykja gaman að koma í þær vistarverur skólans sem þeir eru að öllu jöfnu ekki.

Samantekt

Hér hefur verið sagt frá SÁTTardegi í Seljaskóla sem leið til að þjálfa nemendur í að vinna saman að ákveðnum verkefnum án tillits til aldurs. Sáttardagurinn byggir á SÁTTinni sem er í raun hugtak Seljaskóla yfir PBS kerfið. SÁTTin stendur fyrir Samvinnu, Ábyrgð Traust og Tillitssemi, sem eru einkunnarorð skólans.

Eins og fram hefur komið liggur ekki fyrir heildstætt mat á SÁTTinni eða á SÁTTardeginum. Það mat sem við höfum er að mestu huglægt og byggt á tilfinningu og samtölum við nemendur og starfsfólk. Það er ljóst eftir reynsluna af SÁTTardeginum, að hann er ekki eitt einstakt fyrirbæri í menningu Seljaskóla, heldur mikilvægur liður í SÁTTinni í skólanum. Þessi dagur er eitt þeirra verkfæra sem notað eru í skólanum til þess að festa SÁTTina í sessi. Stefnt er að því að SÁTTin og þar af leiðandi PBS kerfið verði hluti af skólamenningunni. Með öðrum orðum þá er takmarkið að andrúmsloft skólans einkennist af þeim gildum sem skólinn stendur fyrir, Samvinnu, Ábyrgð, Traust og Tillitssemi. PBS kerfið var notað til að breyta viðhorfum starfsfólks gagnvart nemendum og til að hjálpa starfsfólkinu að tileinka sér ákveðnar aðferðir við að breyta hegðun nemenda í jákvæða átt. Þessar aðferðir og þau gildi sem verið er að festa í sessi í Seljaskóla verða áfram hafðar í heiðri, en þær eiga með tímanum að verða samofnar menningu skólans en ekkert sérstaklega tengdar við PBS.

Heimildir

Bradshaw, C.P., Mitchell, M.M. og Leaf, P.H. (2010). Examining the effects of schoolwide positive behavioral interventions and supports on students outcomes. Results from a randomized controlled effectiveness trial in elementary schools. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 12, 133-148.

Clarke, S., Worcester, J., Dunlap, G., Murray, M., og Bradley-Klug, K. (2002). Using Multiple Measures to Evaluate Positive Behavior Support: A Case Example. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 4, 131-145.

Crone, D. A. og Horner, R. H. (2003). *Building Positive Behavior Support Systems*. New York, NY: The Guilford Press

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 2002. *Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu*. Reykjavík:Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006). „*Gullkista við enda regnbogans*.“ *Rannsókn á hegðunarbenda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Kincaid, D., Knoster, T., Harrower, J. K., Shannon, P. og Bustamante, S. (2002). Measuring the Impact of Positive Behavior Support. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 4 (2), 109-117.

Kolbrún Ingibjörg Jónsdóttir (2011). „*Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS): Árangursmat með beinu áhorfi*“ Lokaverkefni til MS-gráðu í sálfræði. Reykjavík: Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

Luiselli, J. K., Putnam, R. F. og Sunderland, M. (2002). Longitudinal Evaluation of Behavior Support Intervention in a Public Middle School. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 4 (3), 182-188.

McCurdy, B. L., Manella, M. C. og Eldridge, N. (2003). Positive Behavior Support in Urban Schools: Can We Prevent the Escalation of Antisocial Behavior? *Journal of Positive Behavior Interventions*, 5 (3), 158-170.

Metzler, C. W., Biglan, A., Rusby, J. C., Sprague, J. R. (2001). Evaluation of a Comprehensive Behavior Management Program to Improve School-Wide Positive Behavior Support. *Education and Treatment of Children*, 24 (4), 448-479.

Olweus, Dan. (2005). *Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli*. Handbók. Þorlákur H. Helgason staðfærði. Reykjavík: Olweusarverkefnið gegn einelti.

Sprague, J. og Golly, A. (2008). *Til fyrirmyndar, Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun* (Reynir Harðarson þýddi). Reykjavík: Skrudda ehf. í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Sprague, J., Walker, H., Golly, A., White, K., Myers, D. R og Shannon, T. (2001). Translating Research into Effective Practice: *The Effects of a Universal Staff and Student Intervention on Indicators of Discipline and School Safety*. *Education and Treatment of Children*, 24 (4), 495-511.

Sugai, G., Horner, R. H., Dunlap, G., Hieneman, M., Lewis, T. J., Nelson, C. M. o.fl. (2000). Applying Positive Behavior Support and Functional Behavioral Assessment in Schools. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 2 (3), 131-143.

Ross, S., Horner, R., og Stiller, B. (2011). *Stöndum saman. Forvarnir gegn einelti í heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun*. (Hrund Þrándardóttir og Margrét Birna Þórarinsdóttir sálfræðingar þýddu). Reykjavík: Stofan, sálfræðiþjónusta.

Vefrit menntamálaráðuneytisins mrn.is (12:2003). Olweusaráætlun gegn einelti í 45 grunnskólum. Sótt 20.05.2011 af: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/122003.pdf

Woollard, J. (2010). *Psychology for the Classroom: Behaviourism*. London and New York: Routledge Taylor & Francis Group.

Viðauki A

Matsblað vegna SÁTTar dags 26. 11. 2009

Ágæta samstarfsfólk

Við viljum að sjálfsögðu enn og aftur þakka fyrir þátttöku og það andrúmsloft sem náðist á SÁTTar daginn. Eins og það horfir við þeim sem stóðu utan við hópana var þetta hnökralaust og skemmtilegt.

Við viljum biðja ykkur að svara eftirfarandi spurningum og senda okkur svörin til baka. Með þessu móti getum við lært af reynslunni bæði jákvæðum þáttum og neikvæðum.

Í hvaða heimsálfu varst þú?

Hvaða verkefni var unnið í þínum hópi?

Var eitthvað sem var áberandi skemmtilegt við daginn?

Var eitthvað sem hefði mátt fara betur?

Með fyrirfram þökk og góða helgi

SÁTTar-teymið

Viðauki B

SÁTTmáli (reglufylki)

<i>(Merki verkefnis hér)</i> Skólareglur	Samvinna / Ábyrgð	Traust / Tillitssemi
Skólalóð	Verum á skólalóðinni Komum inn þegar bjallan hringir Virðum eigur skólans og annarra Sækjum fullorðinn ef eitthvað er að	Virðum vallaskiptingu Leikum sátt
Skólaferðir	Fylgjum reglum bílstjóra og fararstjóra Bíðum á biðsvæðum og höldum hópinn	Sýnum háttvísi og tillitssemi Sitjum sátt saman Höldum að okkur höndum og fótum
Salerni	Göngum vel um Þvolum okkur um hendur	Veitum öðrum næði
Skólastofur Kennslusvæði	Göngum vel um Setjum skó og útiföt á viðeigandi stað Verum stundvís Fylgjum fyrirmælum Verum með viðeigandi námsgögn	Vinum í sátt Notum inniröddina Höldum að okkur höndum og fótum Virðum eigur skólans og annarra Réttum upp hönd Hlustum á aðra af virðingu

Gangar Anddyri	Setjum skó og útiföt á viðeigandi stað	Göngum hægra megin Virðum eigur skólans og annarra
Matsalur	Göngum rólega inn og út Notum góða borðsiði Göngum frá eftir okkur	Notum inniröddina Bíðum í röð Sitjum sátta saman
Íþróttaaðstaða	Hengjum föt á snaga Förum í íþróttaföt Hlustum og fylgjum fyrirmælum Tökum þátt og sýnum virðingu	Tökum þátt og sýnum virðingu
Skrifstofusvæði	Leitum eftir aðstoð hjá ritara Verum kurteis og þolinmóð á meðan við bíðum	Verum hljóð Verum kurteis
Samkomuhús	Göngum hljóðlega inn og út Setjum skó og útiföt á viðeigandi stað	Verum góðir áhorfendur – sitjum sátta saman
Bókasafn	Förum vel með bækur	Göngum hljóðlega um

Viðauki C

Dæmi um Kennsluleiðbeiningar:

Skólalóð

Leikum sátt

- Hvers vegna?** Öllum líður vel. Allir sem vilja fá að vera með.
- Kynning reglunnar:** Í dag ætlum við að tala um og æfa hvernig við leikum sátt saman. Þegar við leikum sátt saman þá leyfum við öðrum að vera með og erum vingjarnleg.
- Sýnikennsla:**
- a. Hvað er að leika sátt? Nemendur koma með dæmi. Kennari tryggir að svör séu jákvæð eða umbreytir þeim þannig að þau verði jákvæð.
 - b. Hvað gerist ef við förum ekki eftir reglunni? Nemendur koma með dæmi.
- Hvað vinnst með því að fara eftir þessari reglu?
Allir koma sáttir inn úr frímínútum.
- Reglan æfð:** Kennari fer með nemendur út á skólalóð í leiki.
- Skilningur kannaður:** Hvað er að leika sátt saman?

Kennari hrósar þeim nemendum sem fóru eftir reglunni.

Viðauki D

SÁTTardagur-minnisblað

- Hafa daginn fyrr að hausti (sept/okt)
- Fara vel yfir samsetningu hópa
- Hafa tíma fyrir fyrsta hóp örlítið lengri (10 mín.)
- Senda engin skipulagblöð fyrr en búið er að samlesa þau – þó má ekki senda þau síðar en á mánudegi ef SÁTTardagur er á fimmtudegi
- Hvetja fólk til að gera athugasemdir og láta vita af lokafresti til þess
- Muna að fara hringferð með skipulögðum hætti og hrósa fólk